

Endurupptekinn úrskurður tollstjórans í Reykjavík nr. 2/2005.

Úrskurður nr. 2/2005.

Efni: Endurupptaka á úrskurði tollstjórans í Reykjavík nr. 2/2005 varðandi áætlun aðflutningsgjalda sendinga E BRU 27 06 0 SE HEL W025, E MAN 05 06 0 NL RTM C901 og E MAN 05 06 0 NL RTM W671.

I.

Með tölvupósti til tollstjórans í Reykjavík frá Di, hdl., þann 31. janúar sl. var farið fram á endurupptöku úrskurða embættisins nr. 24/2004 og 2/2005 varðandi áætlun aðflutningsgjalda sendinga E BRU 27 06 0 SE HEL W025, E MAN 05 06 0 NL RTM C901, E MAN 05 06 0 NL RTM W671 og E BRU 03 10 0 SE GOT W053. Fellst tollstjórinn í Reykjavík á endurupptöku framangreindra úrskurða, með vísan til 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, með síðari breytingum

II.

Í úrskurði tollstjórans í Reykjavík nr. 2/2005, þann 25. janúar sl., kom fram að embætti tollstjórans í Reykjavík hefði móttengið tölvupóst fyrirsvarsmanns A hf., dags. 7. desember sl., varðandi áætlun aðflutningsgjalda sendinga E BRU 27 06 0 SE HEL W025, E MAN 05 06 0 NL RTM C901 og E MAN 05 06 0 NL RTM W671, innflytjandi A hf. Leit embættið svo á að með tölvupóstinum væri ákvörðun embættisins, um áætlun aðflutningsgjalda framangreindrar sendingar sem tilkynnt var fyrirtækinu með bréfi, dags. 3. desember sl., kærð til úrskurðar hjá tollstjóranum í Reykjavík.

Ákvörðun tollstjórans í Reykjavík um áætlun aðflutningsgjalda byggði á því að vörur í framangreindum sendingum væru ótollafgreiddar og þær myndust ekki í vörugæmslum. Að mati embættisins lá ekkert fyrir um að afhending varanna hefði verið heimiluð af hálfu embættisins og því voru aðflutningsgjöld sendinganna áætluð.

Í tölvupósti kæranda, frá 7. desember sl., var vikið að því að A hf. hefði afhent öll tilskilin gögn vegna framangreindra sendinga á sínum tíma, en sendingarnar hafi ekki verið afgreiddar af viðkomandi töllyfirvöldum. Hvað meðferð sendinganna varðaði var vísað til bréfs A, dags. 27. október sl., og tilgreint að það sem fram kæmi í því bréfi ætti einnig við um sendingarnar. Í bréfi kæranda, dags. 27. október sl., var málavöxtum lýst þannig að sending E BRU 03 10 0 SE GOT W053 (sem mál þetta varðar ekki) hafi borist A hf. í október árið 2000. Sendingin hafi verið skráð til afgreiðslu hjá tollstjóranum í Reykjavík og óskað hafi verið eftir því við B ehf. að sendingin yrði umskráð til sýslumannsins í Borgarnesi. Í desember árið 2000 hafi síðan orðið ljóst að sendingin hefði ekki verið umskráð til sýslumannsins í Borgarnesi og í framhaldi af því voru tollskjöl send til tollstjórans í Reykjavík svo ljúka mætti afgreiðslu sendingarinnar. Sendingin var skráð hjá embætti tollstjórans í Reykjavík og afgreiðslu hennar lokið að öllu leyti nema því að álögð gjöld voru ekki skuldfærð á reikning A hf. en tekið var fram í bréfinu að slíkt væri gert með allar vörusendingar til fyrirtækisins. Þá kom fram í bréfinu að vegna þessarar afgreiðslu hefði sendingin ekki komið fram á lista yfir ótollafgreiddar sendingar sem fyrirtækið fengi á þriggja mánaða fresti, en sendingin taldist samt vera óafgreidd hjá embættinu en fulltrúar fyrirtækisins voru hins vegar í góðri trú um að þessi sending hefði verið afgreidd eins og allar aðrar. Í tölvupósti kæranda frá 7. desember sl. var síðan farið fram á að

virðisaukaskattur af sendingunum yrði gjaldfærður á reikning A og hafnað var álagningu dráttarvaxta. Þá var farið fram á að ef tollstjórinn hefði fleiri sambærileg mál í vinnslu varðandi A að upplýsingar yrðu veittar um slíkt sem fyrst svo unnt yrði að ljúka þeim málum. Þá kom fram í tölvupóstinum að A hf. hefði ítrekað fengið yfirlit yfir ótollafgreiddar sendingar á undanförunum árum þar sem þessar sendingar hefðu ekki komið fram.

Í úrskurði embættisins kom fram að samkvæmt gögnum embættisins væri ljóst að sending E BRU 27 06 0 SE HEL W025 var skráð í farmskrá þann 27. júní 2000 og sendingar E MAN 05 06 0 NL RTM W671 og E MAN 05 06 0 NL RTM C901 voru skráðar í farmskrá þann 5. júní 2000. Aðflutningsskýrslum vegna sendinganna var skilað til tollstjórans í Reykjavík þann 3. janúar 2001 og var sending E MAN 05 06 0 NL RTM C901 tilbúin til afgreiðslu þann 3. janúar 2001 og sending E BRU 27 06 0 SE HEL W025 var tilbúin til afgreiðslu þann 5. janúar 2001. Þann 4. janúar 2001 var gerð athugasemd við sendingu E MAN 05 06 0 NL RTM W671, leiðrétting var móttækin hjá embættinu þann 28. maí 2001 og var sendingin tilbúin til afgreiðslu þann 29. maí 2001. Aðflutningsgjöld sendinganna voru ekki greidd og óskaði innflytjandi ekki eftir því að aðflutningsgjöld sendingarinnar yrðu skuldfærð. Þá tiltók embættið að þegar skýrslur væru afhentar á pappír þá skuldfærðust aðflutningsgjöld vegna þeirra aldrei sjálfkrafa heldur væri nauðsynlegt að innflytjandi leysti sendinguna út og óskaði eftir því að aðflutningsgjöld hennar yrðu skuldfærð með því að lýsa því yfir við gjaldkera embættisins að skuldfærslu væri óskað. Sendingarnar E BRU 27 06 0 SE HEL W025, E MAN 05 06 0 NL RTM C901 og E MAN 05 06 0 NL RTM W671 voru ekki leystar út hjá embættinu og ekki var óskað eftir skuldfærslu vegna þeirra. Embættið taldi þá staðhæfingu kæranda, um að aðflutningsgjöld allra vörusendinga til fyrirtækisins væru skuldfærð, væri ekki rétt en fram kæmi í tölvukerfi embættisins, þar sem öll atriði varðandi innflutning eru skráð, að misjafnt væri hvort aðflutningsgjöld væru skuldfærð á fyrirtækið eða ekki. Rakið var að skuldfærsla fæli í sér að krafa myndaðist á innflytjanda og það er og hefði ekki verið talið á valdsviði tollstjóra að ákveða fyrir innflytjanda hvenær eða hvort skuldfærsla aðflutningsgjalda skuli eiga sér stað enda er engin lagaheimild til fyrir tollstjóra til að ákveða slíkt fyrir hönd innflytjanda.

Á fundi fyrirvarsmanna A hf. og tollstjórans í Reykjavík þann 13. janúar 2005, tilgreindu fyrirvarsmenn A að í framkvæmd hefði sýslumaðurinn í Borgarnesi heimilað skuldfærslu aðflutningsgjalda án atbeina fyrirtækisins. Veitti tollstjórinn í Reykjavík forsvarsmönnum fyrirtækisins frest til 18. janúar 2005 til að leggja fram gögn er staðfestu framangreinda staðhæfingu. Engin slík gögn höfðu borist embættinu er það úrskurðið í málinu þann 25. janúar sl. og því var embættinu ekki unnt að taka afstöðu til framangreinds.

Embættið taldi rétt að fram kæmi í úrskurðinum að umræddar sendingar hefðu verið tilbúnar til afgreiðslu síðan í janúar og maí árið 2001 en í málavaxtalýsingu kæranda, sbr. bréf 27. október sl., kæmi fram að umræddar sendingar hefðu ekki komið fram á lista yfir ótollafgreiddar sendingar sem kærandi sagðist fá á þriggja mánaða fresti. Embættið taldi að í ljósi þess að sendingar E BRU 27 06 0 SE HEL W025, E MAN 05 06 0 NL RTM C901 og E MAN 05 06 0 NL RTM W671 hefðu verið í stöðunni “tilbúin til afgreiðslu” síðan í janúar og maí árið 2001 þá hefðu þær átt að koma fram á lista frá tollstjóranum í Reykjavík yfir ótollafgreiddar sendingar. Óljóst væri hvort sá listi sem vísað var til í tölvupósti fyrirtækisins frá 7. desember sl. og bréfi

fyrirtækisins, dags. 27. október sl., væri sendur frá tollstjóranum í Reykjavík eða hvort hann væri til kominn á annan hátt. Embættið taldi að innflytjandi, sem væri vel kunnugur innflutningi, hefði mátt vera kunnugt um að þegar aðflutningsskýrslum væri skilað inn á pappír þá væru aðflutningsgjöld ekki skuldfærð án atbeina hans. Embættið taldi því að fulltrúum kæranda mætti vera ljóst að umræddar sendingar væru ótollafgreiddar.

Í bréfi fyrirtækisins, dags. 27. október sl., var vikið að því að ekki væri rétt að B ehf. hafi afhent A hf. umrædda sendingu án heimildar, og í því sambandi vísaði fyrirtækið til bréfs Fjármálaráðuneytisins til sýslumannsins í Borgarnesi, dags. 26. apríl 1999, tilvísun 9902055/100-10, og einnig var vísað til bréfs sýslumannsins í Borgarnesi til A hf., dags. 27. apríl 1999 þar sem flutningsaðilum var veitt heimild til að afgreiða ótollafgreiddar sendingar til A. Kærandi taldi því á engan hátt við flutningsmiðlara að sakast í máli þessu.

Í bréfi fjármálaráðuneytisins, dags. 26. apríl 1999, kemur fram að eðilegt sé að A hf. fái heimild til að flytja ótollafgreiddar vörusendingar inn á athafnasvæði félagsins og fól ráðuneytið sýslumanninum í Borgarnesi að annast afgreiðslu málsins. Í bréfi sýslumannsins í Borgarnesi, dags. 27. apríl 1999, heimilar sýslumaðurinn í Borgarnesi A hf. að geyma ótollafgreiddar vörur á athafnasvæði sínu á C. Leyfið sem var veitt samkvæmt 65. gr. tollalaga nr. 55/1987, er bundið þeim skilyrðum að vörurnar verði geymdar á afgirtu svæði fyrirtækisins og tollafgreiddar ekki síðar en 14 dögum frá komu þeirra til landsins. Ljóst er því að sýslumaðurinn í Borgarnesi heimilaði A hf. að geyma ótollafgreiddar vörusendingar á athafnasvæði sínu á C en í bréfi sýslumannsins í Borgarnesi var hvergi vikið að því að A hf. hefði haft heimild til að nýta ótollafgreiddar vörur áður en sýslumaður/tollstjóri heimilaði afhendingu vörunnar.

Í úrskurðinum kom síðan fram að samkvæmt upplýsingum frá tollgæslu tollstjórans í Reykjavík, B hf. og A hf. virtist sem vörur í sendingum E BRU 27 06 0 SE HEL W025, E MAN 05 06 0 NL RTM C901 og E MAN 05 06 0 NL RTM W671 hefðu verið afhentar á athafnasvæði A á C. Embættið féllst því á að B hf. hefði ekki afhent umræddar vörur án heimildar og því féll embætti tollstjórans í Reykjavík frá innheimtu aðflutningsgjalda af sendingum E BRU 27 06 0 SE HEL W025, E MAN 05 06 0 NL RTM C901 og E MAN 05 06 0 NL RTM W671 hjá B.

Þá var tekið fram að skýrt væri kveðið á um það í bréfi sýslumannsins í Borgarnesi, dags. 27. apríl 1999, að leyfi til handa A hf., sem veitt var á grundvelli 65. gr. tollalaga, til að geyma ótollafgreiddar vörur á athafnasvæði sínu á C, væri bundið því skilyrði að vörunar yrðu geymdar á afgirtu svæði fyrirtækisins og tollafgreiddar ekki síðar en 14 dögum frá komu þeirra til landsins. Í tölvupósti frá fyrirsvarsmanni A hf. þann 11. janúar sl., kom fram að vörur í sendingum E BRU 27 06 0 SE HEL W025, E MAN 05 06 0 NL RTM C901 og E MAN 05 06 0 NL RTM W671 hefðu verið notaðar og því taldi embætti tollstjórans í Reykjavík að brotið hefði verið gegn skilyrðum leyfis sýslumannsins í Borgarnesi og 105. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum. Vörunar hafi verið notaðar án þess að tollstjóri hefði veitt heimild til slíks og án þess að tollafgreiðsla þeirra hafi farið fram. Í 105. gr. tollalaga segir að sé vara tekin úr vörslu farmflytjanda, úr tollvörugeymslu, tekin til notkunar eða flutt brott af frísvæði án þess að leyfi tollstjóra liggi fyrir eru aðflutningsgjöld þegar fallin í eindaga. Þegar þannig háttar skulu aðflutningsgjöld af viðkomandi vöru reiknuð út

samkvæmt þeim aðflutningsgjöldum og tollafgreiðslugengi sem í gildi var á komudegi flutningsfars til landsins hafi vara verið í vörslu farmflytjanda eða innflytjanda, en hafi hún verið sett í tollvöruheymislu eða flutt á frísvæði skulu aðflutningsgjöld reiknuð út samkvæmt þeim aðflutningsgjöldum og tollafgreiðslugengi sem í gildi var þegar tollstjóri veitti leyfi til flutnings vöru þangað, nema sannað sé á fullnægjandi hátt að mati tollstjóra að nefnd atvik séu síðar til komin. Reikna skal frá sama tíma dráttarvexti af aðflutningsgjöldum þannig útreiknuðum.

Þá taldi embættið rétt að geta þess að sýslumaðurinn í Borgarnesi heimilaði A hf., með bréfi dags. 27. apríl 1999, að geyma ótollafgreiddar vörur á athafnasvæði sínu á C. Hvergi væri í bréfinu vikið að því að A hf. hafi haft heimild til að nýta ótollafgreiddar vörur áður en sýslumaður eða tollstjóri hefði heimilað afhendingu vörunnar. Ljóst væri að vörur í umræddum sendingum hefðu verið nýttar án heimildar tollstjórans í Reykjavík og því taldi tollstjóraembættið að A hefði brotið gegn 105. gr. tollalaga og bæri því að greiða vangreidd aðflutningsgjöld ásamt dráttarvöxtum, sbr. 1. mgr. 111. gr. tollalaga.

Þá benti embættið á að í 66. gr. tollalaga segir að stjórnendum farartækja, skipaafgreiðslum og öðrum, sem hafa ótollafgreiddar vörur í sínum vörslum til flutnings eða geymslu, er óheimilt að afhenda þær viðtakanda eða láta þær á annan hátt af hendi úr vöruheymislu eða farartæki **án leyfis tollstjóra**. Í 67. gr. tollalaga segir síðan að eigandi eða umráðamaður farartækis eða vöruheymislu ábyrgist greiðslu á aðflutningsgjöldum af vörum sem hafa verið afhentar eða **teknar í notkun** án þess að gætt hafi verið ákvæða laga þessara og má gera lögtak í eignum þeirra fyrir aðflutningsgjöldum ásamt kostnaði. Með hliðsjón af 66. gr. og 67. gr. tollalaga taldi embættið að A hf. bæri ábyrgð á aðflutningsgjöldum framangreindra sendinga.

Í kæru innflytjanda og bréfi hans dags. 27. október sl., var hafnað álagningu dráttarvaxta á aðflutningsgjöld framangreindra sendinga og farið fram á að þeir yrðu felldir niður. Þá var farið fram á að virðisaukaskattur yrði skuldfærður á reikning A hf.

Þegar vara er tekin úr vörslu farmflytjanda, úr tollvöruheymislu, tekin til notkunar eða flutt brott af frísvæði án þess að leyfi tollstjóra liggi fyrir, **skal** reikna dráttarvexti af aðflutningsgjöldum vörunnar sbr. 2. mgr. 105. gr. tollalaga. Um væri að ræða skylduákvæði og væri embættinu því ekki heimilt að fella niður dráttarvexti af framangreindum sendingum. Hvað varðaði kröfu kæranda um að virðisaukaskattur og rafmagnseftirlitsgjald yrði skuldfært á reikning A hf. þá taldi embættið að ekki væri unnt að verða við því þar sem aðflutningsgjöld sendinga E BRU 27 06 0 SE HEL W025, E MAN 05 06 0 NL RTM C901 og E MAN 05 06 0 NL RTM W671 væru fallin í eindaga og ekki væri því unnt að veita kæranda frekari greiðslufrest.

Þá var tekið fram í úrskurðinum að í bréfi embættisins, dags. 3. desember sl., misritaðist að ekki hefði verið stuðst við framlögð gögn frá fyrirtækinu að öðru leyti en að stuðst væri við sömu tollskrárflokkun og einnig kom fram að engin gögn hefðu borist varðandi sendingu E MAN 05 06 0 NL RTM W671. Í raun byggði áætlun aðflutningsgjalda sendinga E BRU 27 06 0 SE HEL W025, E MAN 05 06 0 NL RTM C901 og E MAN 05 06 0 NL RTM W671 á þeim upplýsingum sem fram komu í aðflutningsskýrslum og fylgigögnum þeirra sem innflytjandi lagði fram þann 3. janúar 2001 og 28. maí 2001.

Embætti tollstjórans í Reykjavík úrskurðaði skv. 100. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, með vísan til framangreinds, að ákvörðun embættisins frá 3. desember 2004, um áætlun aðflutningsgjalda sendingar E BRU 27 06 0 SE HEL W025, E MAN 05 06 0 NL RTM C901 og E MAN 05 06 0 NL RTM W671, að upphæð kr. 1.223.504,00 ásamt dráttarvöxtum að fjárhæð kr. 1.421.428,00 til 24. janúar 2005, stæði óbreytt.

Var úrskurður embættisins kæránlegur til ríkistollanefndar, Skúlagötu 57, Reykjavík og var kærufrestur 60 dagar taldið frá póstlagningardegi úrskurðarins, sbr. 1. mgr. 101. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum. Sá hluti úrskurðarins er laut að dráttarvöxtum var kæránlegur til fjármálaráðuneytisins, Arnarhvoli, 150 Reykjavík og var kærufrestur 60 dagar taldið frá póstlagningardegi úrskurðarins, sbr. 102. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum.

III.

Eins og áður er rakið barst embætti tollstjórans í Reykjavík þann 31. janúar sl. tölvupóstur frá D, hdl. Meðfylgjandi tölvupósti þessum var tölvupóstur frá E, fulltrúa sýslumannsins í Borgarnesi, dags. 17. janúar 2005. Í tölvupósti frá fulltrúa sýslumannsins í Borgarnesi er það vinnulag staðfest að aðflutningsgjöld hafi verið skuldfærð á reikning A án þess að óskað hafi verið eftir því sérstaklega í hvert skipti.

Með hliðsjón af framangreindri staðfestingu frá sýslumanninum í Borgarnesi telur embættið ljóst að atvik máls þessa eru mjög sérstæð. Ljóst er að A hf. var í góðri trú um að aðflutningsgjöld sendinga E BRU 27 06 0 SE HEL W025, E MAN 05 06 0 NL RTM C901 og E MAN 05 06 0 NL RTM W671 yrðu skuldfærð án beinna atbeina frá fyrirtækinu. Með hliðsjón af framansögðu og sérstakra atvika máls þessa fellur embættið frá kröfu dráttarvaxta af aðflutningsgjöldum sendingar E BRU 27 06 0 SE HEL W025, E MAN 05 06 0 NL RTM C901 og E MAN 05 06 0 NL RTM W671.

Embætti tollstjórans í Reykjavík telur þó að framangreint vinnulag hjá sýslumanninum í Borgarnesi sé ekki eðlilegt heldur beri innflytjanda að óska sérstaklega eftir því í hvert skipti er hann vill að aðflutningsgjöld sendinga séu skuldfærð. Það er mat embættisins að það sé og eigi ekki að vera á valdsviði tollstjóra að ákveða fyrir innflytjanda hvenær eða hvort skuldfærsla aðflutningsgjalda skuli eiga sér stað. Engin lagaheimild sé til fyrir tollstjóra til að ákveða slíkt fyrir hönd innflytjanda. Afgreiðsla máls þessa er því ekki fordæmisgefandi og telur tollstjóraembættið að innflytjanda megi nú vera það ljóst að sjálfkrafa skuldfærsla aðflutningsgjalda viðgengst ekki hjá tollstjóranum í Reykjavík.

Að öðru leyti staðfestir embættið úrskurð sinn frá 13. desember 2004. Þá ítrekar embættið að ekki sé unnt að fallast á að virðisaukaskattur og rafmagnseftirlitsgjald verði skuldfært á reikning A hf. þar sem aðflutningsgjöld sendingarinnar E BRU 03 10 0 SE GOT W053 eru fallin í eindaga og ekki er unnt að veita kæranda frekari greiðslufrest. Verði aðflutningsgjöld sendingar E BRU 03 10 0 SE GOT W053 ekki greidd innan 15 daga frá póstlagningardegi þessa bréfs, eða eigi síðar en **14. apríl nk.** má búast við að tollafgreiðsla til fyrirtækisins verði stöðvuð án frekari aðvörunar, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 61/1989 og dráttarvextir reiknaðir til greiðsludags.

ÚRSKURÐUR:

Embætti tollstjórans í Reykjavík úrskurðaði skv. 100. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, með vísan til framangreinds, að ákvörðun embættisins frá 3. desember 2004, um áætlun aðflutningsgjalda sendingar E BRU 27 06 0 SE HEL W025, E MAN 05 06 0 NL RTM C901 og E MAN 05 06 0 NL RTM W671, að upphæð kr. 1.223.504,00 standi óbreytt en dráttarvextir frá eindaga til úrskurðardags falli niður.

Úrskurðurinn er kæránlegur til ríkistollanefndar, Skúlagötu 57, Reykjavík og er kærufrestur 60 dagar taldið frá póstlagningardegi bréfs þessa, sbr. 1. mgr. 101. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Reykjavík 30. mars 2005.